



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til forstöðumanna ríkisstofnana og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga

Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2018

Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu verða veitt í fimmta sinn á nýsköpunarráðstefnu þann 8. júní nk. **Frestur til að skila inn tilnefningum er til 4. maí nk.** Sem fyrr eru það fjármála- og efnahagsráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís sem standa að þessum viðburði. Markmiðið er að vekja athygli á því sem vel er gert og hvetja til meiri nýsköpunar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu á Íslandi. Verðlaunin voru síðast veitt árið 2015 og þá bárust alls bárust 49 tilnefningar frá 13 ríkisstofnunum og 13 sveitarfélögum. Nánari upplýsingar um verkefni má sjá á vef [Stjórnarráðsins](#).

Stjórnendur stofnana og sveitarfélaga eru hvött til að tilnefna verkefni til nýsköpunarverðlaunanna. Nýsköpun í opinberum rekstri má skilgreina sem **verulegar breytingar á skipulagi, þjónustu, vöru eða samskiptaleiðum**. Ávallt er um að ræða **nýjung á vinnustaðnum** sem getur verið sköpuð á staðnum, innblásin af verkefni annars staðar eða yfirfærð beint frá öðrum stað. Sameiginlegt öllum nýsköpunarverkefnum er að þau **skapa einhvers konar virði** sem getur t.d. verið í formi aukinna gæða, skilvirkni, starfsánægju eða aukinnar aðkomu almennings.

Yfirskrift verðlaunanna í ár er „Betri opinber þjónusta með öfluggu samstarfi og nýtingu stafrænna lausna“ og eru stofnanir og sveitarfélög sérstaklega hvött til að tilnefna verkefni sem byggja á nýjum samstarfleiðum eða nýtingu einhvers konar starfrænna lausna. Allar tegundir verkefna eru þó gjaldgeng. Verkefni verða metin út frá eftirtöldum þáttum: nýsköpunargildi verkefnis, þróun og framkvæmd, virði fyrir almenning/notendur og virði fyrir stofnun/sveitarfélag. Auk þess verður litið til þess hvort verkefnið hefur notagildi fyrir aðrar stofnanir eða sveitarfélög og hvort einhver rekstrarlegur ávinningur hafi verið af verkefninu.

Verkefninu þarf að hafa verið hrint í framkvæmd á sl. þremur árum (undirbúningur má hafa staðið lengur) og greinanlegur árangur þarf að hafa náðst. Í tilnefningu skal m.a. gerð grein fyrir því hver hvatinn var að verkefninu, hvaðan hugmyndin kom og lýsa verkefni og þróunar- og innleiðingarferli. Jafnframt skal leggja mat á ávinning og lærdóm af verkefninu. Hægt er að senda inn tilnefningar um eitt eða fleiri verkefni frá hverri stofnun eða sveitarfélagi. **Tilnefningum skal skilað í [umsóknakerfi Rannís](#) eigi síðar en 4. maí nk.** Allar innsendar tilnefningar verða birtar á vef Stjórnarráðsins.

Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra

Halldór Halldórsson
Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga